

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 31.3.2021

Tilvísun: Drög að menningarstefnu

Aðgangur og þátttaka

- Tungumál heyrir undir menningarstefnu og er hluti af menningarlæsi allra sem tala, tákna eða læra það.

Markmið III. Menningarverðmæti, varðveisla og miðlun.

- Kjarnahugtök hefðbundinnar íslenskrar málstefnu eru varðveisla og efling. Íslendingar hafa sett sér það mark að varðveita íslenska tungu og efla hana. Íslensk tunga er ríkur þáttur í sjálfsmynd þeirra sem hana nota en hún gegnir einnig hlutverki þjóðtungu Íslendinga. Íslensk tunga er miklu meira en einfalt tæki til hversdagslegra samskipta; hún á sér langa og samfellda sögu og hana þarf að umgangast í samræmi við þá menningarlegu og sögulegu þýðingu sem hún hefur fyrir þjóðina. Nýsköpun í listum, menningu og fræðastarfi er nátengd þeim arfi sem býr í samfelldri sögu íslensks ritmáls og bókmennta.

Menntun, menning og rannsóknir

- Tungumál er hluti af menningarverðmætum þjóðarinnar og þekkingu á tungumáli á að miðla á þverfaglegan hátt í riti, tali, táknum og list. Undir þetta fellur kennsla í íslensku sem móðurmáli og sem öðru máli, menntun tilvonandi kennara og þýðenda, þjálfun sérfræðinga í mismunandi faggreinum eins og t.d. fjölmiðlum og listum, og ekki síst rannsóknir.

Menning í alþjóðasamhengi

- Tryggja þarf notkun tungumálsins í stafrænum heimi. Það er gert með aðgengi að rafrænum tólum og tækjum sem uppfylla kröfur í nútímasamfélagi. Þessi verkfæri auðvelda skilning á tungumálinu og nútímanotkun þess hjá öllum aldurshópum hérlendis og erlendis.

Markmið VIII. Sýnileiki og virk þátttaka í alþjóðasamhengi

- Íslenskukennsla erlendis fellur undir íslenska menningu á alþjóðavettvangi. Íslenskukennarar við erlenda háskóla gegna hlutverki eins konar menningarfulltrúa. Þeir aðstoða við þjálfun nýrra þýðenda og koma íslenskum bókmenntum, fornum og nýjum, listum, sögu og íslensku samfélagi á framfæri erlendis. Auk þess vekja þeir áhuga fólks á íslenskri menningu almennt.